

Nd.

54. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

Flutningsm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Bæjarstjórn kys barnaverndarnefnd með hlutfallskosningu, í Reykjavík 7 og í öðrum kaupstöðum 5 menn. Kjörgengur er sá í barnaverndarnefnd, sem kjörgengur er í bæjarstjórn. Að jafnaði skal kjósa 2 til 3 konur í hverja nefnd. Kjósa skal varamenn með sama hætti, jafnmarga aðalmönnum, og taka þeir sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna í þeirri röð, er þeir voru til kosnir.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Kjörtímabil barnaverndarnefnda er hið sama og bæjarstjórnar, og skal jafnan kjósa í barnaverndarnefnd svo fljótt sem við verður komið að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum.

3. gr.

Síðari málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr bæjarsjóði, og sé ekki minni en 600 kr. á ári til nefndarmanns í Reykjavík og 200 kr. á ári í öðrum bæjum. Svö skal og í fjárhagsáætlun bæja ætla barnaverndarnefndum hæfilegt starfsfé, svo að nefndunum sé unnt að gegna til hlitar eftirlitsstörfum sínum og öðrum skyldustörfum sínum og ráða sér sérfræðilega aðstoð, þar sem þess er þörf (sbr. 6. gr. II., 8. tölul.).

4. gr.

Síðari málsgr. 5. gr. laganna falli burt.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk barnaverndarnefndar eru sem hér segir:

I. Fræðslustarf.

Barnaverndarnefndir skulu stuðla að aukinni fræðslu um meðferð og uppeldi barna, t. d. með því að sjá um, að flutt séu fræðandi erindi um þau efni, og leiðbeiningar veittar þeim, er þeirra óska eða þarfnast. Svö skal og barnaverndarnefnd skylt að veita þeim, er þess óska, leiðbeiningar og ráð um uppeldi barna þeirra.

II. Eftirlitsstarf.

1. Barnaverndarnefnd hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og er skylt og heimilt að hlutast til um hvað það í uppeldi barna, er hún fær vitneskju um og telur athugasvert. Hún hefir og eftirlit með veikluðum

unglingum og vanþroska, þó eldri séu en 16 ára, er dveljast á heimili vandalausra og njóta ekki fullrar umsjár foreldra.

2. Engu barni má ráðstafa til vandalausra, hvorki af hálfu einstaklinga né sveitarstjórnar, nema barnaverndarnefnd samþykki hinn nýja dvalarstað barnsins. Skal tilkynna barnaverndarnefnd allar slíkar vistbreytingar barna, og ber henni að líta eftir liðan barnsins í hinni nýju vist.
3. Barnaverndarnefnd hefir eftirlit með dagheimilum, barnahælum og dvalarskólum í umdæmi sínu, og er engum heimilt að reka slíkar stofnanir nema barnaverndarnefnd samþykki fyrirkomulag þeirra, hollustuhætti og greiðslu-taxta. Gefur barnaverndarnefnd slíkri stofnun skilríki fyrir því, að hún fullnægi settum skilyrðum og sé rekstur hennar heimill, enda skal hann óheimill ella. Skulu slík skilríki endurnýjuð árlega.
4. Barnaverndarnefnd er skylt að hafa eftirlit með þeim hælum og dvalarskólum utan umdæmis hennar, er börn hafa á vist úr því. Skal slíkt eftirlit framkvæmt ekki sjaldnar en tvisvar á ári.
5. Hún útvegar í samráði við foreldra, aðra forráðamenn eða sveitarstjórn þeim börnum, sem þurfa þykir, góðan samastað um lengri eða skemmri tíma, eftir ástæðum, og ber henni að líta eftir liðan barnanna í þeim vistum.
6. Hún rannsakar þegar í stað kærur eða kvartanir, sem henni berast um meðferð barna í umdæmi hennar, einnig hefir hún sjálf frumkvæði að slíkri rannsókn.
7. Hún litur eftir því, að börnum sé ekki ofþjakað með þungri vinnu né löngum vinnutíma.
8. Eftirlit það með aðbúnaði barna og liðan í vistum, barnahælum, dvalarskólum og dagheimilum, sem um ræðir í 2., 3. og 5. tölul. II. kafla þessarar greinar, skal barnaverndarnefnd í bæjum láta lækni eða heilsuverndarhjúkrunarkonu framkvæma fyrir sína hönd, enda gefi þan barnaverndarnefnd nákvæma skýrslu um niðurstöðu rannsókna sinna.

III. Íhlutun um uppeldisáhrif.

1. Barnaverndarnefnd er skylt að kynna sér þau áhrif, sem barn verður fyrir af umhverfi sínu og ætla má, að því geti orðið andlega eða líkamlega til tjóns, og ber henni að beita sér gegn því, að börn verði fyrir slíkum áhrifum, eftir því sem lög framast leyfa.
2. Þar, sem kvikmyndahús starfar eða efnt er til opinberra skemmtana fyrir börn, er barnaverndarnefnd skylt að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um hverja mynd eða skemmtun áður en börnum sé veittur aðgangur að henni. Eigendum kvikmyndahúsa og forstöðumönnum skemmtana er skylt að veita nefndinni aðgang að slíku á undan almenningi. Telji meiri hluti nefndar mynd eða skemmtun skaðlega eða óholla sálarlífi barna, má leggja bann við því, að hún verði sýnd börnum.
3. Barnaverndarnefnd er heimilt að banna sölu tóbaks til barna innan 16 ára aldurs í umdæmi sínu, svo og sérstakar tegundir sælgætis, ef þær að dómi lækna teljast varhugaverðar heilsu barna. Skal um slík bönn leita staðfestingar stjórnarráðs á reglugerð þar um, er ákveði refsingar, ef út af er brugðið.

IV. Úrskurðarvald um afbrotamál barna.

1. Mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars ber undir dóms- og lögregluvald, ber jafnan að leggja fyrir barnaverndarnefnd, og getur hún, ef meiri hluti nefndarinnar óskar, rannsakað málið og kveðið upp um það rökstuddan úrskurð. Heimilt er barnaverndarnefnd að kveðja með sér til slíkrar rannsóknar og uppkvaðningar úrskurðar uppeldisfræðing og sálsýkisfræðing, enda meðundirriti þeir úrskurðinn, ef þeir eru samþykkir meiri hluta nefndar.

Afrit úrskurðar í afbrotamáli barns skal þegar í stað senda viðkomandi lögregluvirkum, og getur lögreglustjóri áfrýjað honum til dómsmálaráðherra, nema hann sé meðundirritaður af uppeldisfræðingi og sálsýkisfræðingi, þó með þeim takmörkunum, er hér segir:

- a. Að sakborningur sé ekki fullra 8 ára.
 - b. Að sakborningur sé ekki fullra 12 ára, og hafi áður verið eða sé á vegum barnaverndarnefndar.
2. Nú getur dómsmálaráðherra ekki fallizt á úrskurð barnaverndarnefndar um mál barns, enda sé hann ekki meðundirritaður af uppeldisfræðingi og sálsýkisfræðingi, og úrskurðar þá ráðherra um meðferð barns og dvöl til 16 ára aldurs. Kostnað af dvöl barns og uppeldi samkvæmt slíkum úrskurði bera lögmæltir framfærslumenn meðan til endist, en annars hlutaðeigandi sveitarfélag.

6. gr.

Framan við 7. gr. laganna komi ný málsg.:

Starfsmönnum ríkis og bæja skal skylt að veita barnaverndarnefnd þá aðstoð, sem hún óskar, eftir því sem við verður komið. Einkum skulu kennarar hver á sínum stað skyldir til að tjá barnaverndarnefndum það, sem þeir kunna að verða vísari um nemendur sína, sem gefið gæti barnaverndarnefndum ástæðu til ihlutunar.

7. gr.

Fyrsta málsg. 8. gr. laganna orðist svo:

Nefndinni er rétt að úrskurða, að barn eða ungling skuli taka af heimili þess og ráðstafa annarsstaðar (sbr. þó 2. tölul. IV. kafla 6. gr.).

Aftan við 8. gr. laganna bætist ný málsg.:

Nú hefir barnaverndarnefnd ráðstafað barni samkv. 1. tölul. 8. gr., og verða þá kröfur foreldranna um að fá barnið til sín síðar ekki teknar til greina. Nú hefir barnaverndarnefnd ráðið barni fósturforeldra eða dvalarstað samkv. 2., 3., 4. eða 5. tölul. 8. gr., og skal þá jafnan á mati barnaverndarnefndar, hvort síðari kröfur foreldris, eins eða beggja, um að taka barnið til sín skuli teknar til greina. Sama máli gegnir um tilboð annara um að taka barnið endurgjaldslaust, þó að gefið sé með því af foreldri eða sveitarsjóði.

Nú ályktar barnaverndarnefnd rétt eftir atvikum, að barnið sé kyrrt í dvöl eða hjá fósturforeldrum, þar sem gefið er með því, annaðhvort af sveitarsjóði eða lögmæltum framfærslumanni, og skal þá óheimilt að afhenda foreldri eða neinum öðrum barnið, er þjóðast kynnu til þess að fóstura það endurgjaldslaust, nema samþykki barnaverndarnefndar komi til.

8. gr.

Fyrsta málsg. 9. gr. laganna orðist svo:

Ráðstafanir þær, sem um ræðir í 8. gr., má þó eigi gera gegn vilja foreldra eða forráðamanna, nema 2 af hverjum 3 skólanefndarmönnum (sbr. 1. gr.), 4 af hverjum 5 eða 5 af hverjum 7 barnaverndarnefndarmönnum séu sammála um þær, að undangenginni rækilegri rannsókn, enda er nefndinni skylt að láta framkvæma hana hvenær sem kærur berast eða einhver nefndarmanna óskar.

Nú telur nefndarhluti, sem til þess er skipaður að hafa eftirlit með slíku, einstakur nefndarmaður eða ráðinn sérfræðilegur eftirlitsmaður nefndarinnar, að rétt sé að ráðstafa barni burt af heimili (sbr. 8. gr.), og meiri hluti nefndarinnar fellst ekki á, og skal þá slíkum aðila, er ráðstöfunar æskir, heimilt að kveðja bæjarlækni eða héraðslækni til rannsóknar í málinu. Skylt er bæjarlækni að verða við slíkri áskorun, og er honum heimilt að kveðja sér til aðstoðar lækni eða uppeldisfræðing á kostnað nefndarinnar. Skulu þeir í sameiningu, að rannsókuðu máli, kveða upp úrskurð um það, hvort ráðstafa skuli barninu burt af heimili sínu. Skylt er barnaverndarnefnd að hlíta þeim úrskurði, en áfrýja má hún honum til barnaverndarráðs. Ráðstöfunum og úrskurðum barnaverndarnefndar samkv. 8. gr. má og jafnan skjóta til barnaverndarráðs.

9. gr.

10. gr. laganna falli burt.

10. gr.

11. gr. laganna verði 10. gr. og orðist svo:

Þegar nefndinni er kunnugt um, að heimilismaður, annar en fyrirvinna eða móðir, spillir heimili, þar sem börn eru, með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, er henni skylt að vanda alvarlega um við manninn. Beri ítrekaðar umvandanir engan árangur, ber nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hafi á hagi barnanna. Verði það ljóst, að þeim sé háski búinn af framferði mannsins, en gæti annars liðið vel á heimilinu, er valdsmanni skylt samkvæmt kröfu barnaverndarnefndar, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og er honum þá heimilt að víkja manninum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bæti hann ekki ráð sitt. Ef um fyrirvinnu eða móður er að ræða og skipist þau ekki við áminningar, er barnaverndarnefnd rétt að ráðstafa börnum burt af heimilinu (sbr. 8. gr. tölul. 3).

11. gr.

12. gr. laganna verði 11. gr.

12. gr.

13. gr. laganna verði 12. gr. og orðist svo:

Börnum þeim, sem barnaverndarnefnd ber að ráðstafa samkvæmt 8. gr., skal nefndin, ef unnt er, koma fyrir um stundarsakir á barnahæli eða öðrum þeim stað, þar sem unnt er að koma við sérfræðiathugun á þeim eða öðru nauðsynlegu sálfræðilegu eða heilsufræðilegu eftirliti. Sé um fávita að ræða

eða vanþroska börn að vitsmunum, ber nefndinni að hlutast til um, að þau komist til langdvalar á hæli, er hentar slíkum börnum, jafnskjótt og slík hæli verða reist.

13. gr.

14. gr. laganna verði 13. gr.

14. gr.

15. gr. laganna verði 14. gr.

15. gr.

16. gr. laganna verði 15. gr. og orðist svo:

Barnaverndarnefnd, einstakir nefndarmenn eða umboðsmaður nefndar hafa jafnan rétt til þess að koma á þau heimili eða þau hæli, þar sem börn eru, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, og má ekki hindra það. Skylt er húsráðendum slíkra heimila og hæla að leyfa barnaverndarnefnd eða umboðsmanni hennar að hlynna að barninu á hvern þann hátt, er nefndin telur sér fært og óskar, heimilinu að kostnaðarlausu.

16. gr.

17. gr. laganna verði 16. gr.

17. gr.

18. gr. laganna verði 17. gr.

18. gr.

19. gr. laganna verði 18. gr. og orðist svo:

Kennslumálaráðherra skipar barnaverndarráð, og á það heimili í Reykjavík. Í barnaverndarráði eru 3 menn. Skal einn skipaður úr læknafélagi, samkvæmt tillögum landlæknis, einn skipaður samkvæmt tillögum sambands íslenskra barnakennara, en einn tilnefndur ráðherra, og er hann formaður. Barnaverndarráðsmenn skulu skipaðir til 4 ára. Ráðherra ákveður þóknun til þeirra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

19. gr.

20. gr. laganna falli burt.

20. gr.

21. gr. laganna verði 19. gr. og orðist svo:

Hlutverk barnaverndarráðs eru þessi:

1. Að hafa yfirumsjón með starfi allra barnaverndarnefnda landsins, veita þeim leiðbeiningar, er þess óska, og vanda um við þær, er vanrækslu sýna.
2. Að veita viðtöku ársskýrslum allra nefnda og senda fræðslumálastjóra og landlækni árlega fullnægjandi útdrátt úr þeim innan lögákveðins tíma.
3. Að hafa yfirumsjón með öllum barnahælum landsins. Þau barnahæli og dvalarskólar, sem styrks njóta af alþjóðarfé, skulu auk rekstrarleyfis barnaverndarnefndar hafa löggildingu barnaverndarráðs til starfa, enda samþykki það skipulagsskrá slíkra stofnana, fyrirkomulag þeirra og gjaldskrá.

Ekki má ráða slíku heimili eða hæli, er styrks nýtur af almannafé, forstöðumann eða konu án samþykkis barnaverndarráðs. Óheimilt er að reka nokkra slíka stofnun án löggildingar barnaverndarráðs, og skal hún endurnýjuð árlega.

4. Að leggja úrskurð á mál þau, sem undir barnaverndarráð ber samkvæmt fyrirætlunum þessara laga.
5. Barnaverndarráð skal árlega senda fræðslumálastjóra nákvæma skýrslu um störf sín, glöggan útdrátt úr skýrslum barnaverndarnefnda, yfirlit um rannsóknir sínar, eftirlitsstörf og úrskurði. Skal þessari skýrslu fylgja álitgerð um ástand í barnaverndarmálum ásamt tillögum til umbóta. Barnaverndarráð skal og árlega senda landlækni glögga skýrslu um þau heilbrigðisatriði, er barnaverndarstarfið hefir leitt í ljós, og ráðstafanir þær og úrskurði, er nefndirnar hafa fellt af heilbrigðisfræðilegum ástæðum. Þessu skal fylgja skrá um tölu, nafn, aldur og heimilisfang þeirra fávita og vanþroska barna, er nefndirnar hafa ráðstafað á árinu. Skal barnaverndarráð hafa sent skýrslur þessar fyrir marzlok ár hvert.

21. gr.

22. gr. laganna verði 20. gr.

22. gr.

23. gr. laganna verði 21. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935. Samtímis fellur niður umboð núverandi barnaverndarráðs og skal skipa barnaverndarráð samkvæmt lögum þessum. Frá sama tíma falla úr gildi öll þau ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Lagafrv. þetta miðar að því, að kveða nánar á um ýmislegt í starfi barnaverndarnefnda en gert er í núgildandi lögum, ákveða verksvið þeirra nánar með tilliti til þess, sem reynsla undanfarinna ára hefir leitt í ljós, og búa þeim betri aðstöðu til starfa. Eru ákvæði frv. miðuð við upplýsingar frá ýmsum þeim, er unnið hafa að barnaverndarmálum, og með hliðsjón af samskonar ákvæðum í lögum annara þjóða, þar sem meiri reynsla er fengin í þessum efnum. Barnaverndarstarfið er svo nauðsynlegt og mikilvægt starf, að ekki tjáir að horfa í að tryggja árangur þess svo sem bezt má verða. Fyrir því er í frv. gert ráð fyrir, að barnaverndarnefndum sé lagt svo mikið fé, að þeim sé unnt að inna skyldustörf sín af hendi á sómasamlegan hátt.

Sjálfum grundvelli þess, hvernig nefndirnar eru skipaðar, hefir ekki verið hróflað. Þótti það varhugavert, með því að vist er, að þar sem áhugasamt fólk hefir valizt í störf, hefir orðið að starfi nefndanna mikið gagn. En með því að sú skipan, sem á hefir verið, og ráðgerð er samkv. frv. þessu, tryggir það aldrei, að nefndirnar verði „faglega“ skipaðar, þótti nauðsyn til bera, um leið og valdsvið nefndanna og eftirlitsstarf var aukið og ákveðið nánar, að gera þeim ýmist skylt að leita sérfræðilegrar aðstoðar, eða þá heimila þeim það, eins og

til dæmis við uppkvaðningu úrskurða í afbrotamálum barna, og binda gildi slíks úrskurðar að nokkru leyti við það, að hann væri uppkveðinn í samráði við sérfræðinga.

Það leiðir af sjálfu sér, að eins og hlutverk barnaverndarráðs er ákveðið samkv. frv. þessu, þá verður ekki hjá því komizt að hafa beilsufræðilega menntaðan mann eða lækni í ráðinu. Þótti því rétt, að einn barnaverndarráðsmaður skyldi skipaður samkvæmt tilnefningu landlæknis, og ráðið jafnframt skipað af nýju, þar sem hlutverk þess er nú nokkuð aukið og breytt.

Frv. hefir verið borið undir barnaverndarnefnd í Reykjavík, og hún hefir ekki óskað að gera athugasemdir við það.

Nánar í framsögu.